7
17. febr.

5. *Ísafjarðarumdæmi:* Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Árneshreppur í Strandasýslu.
6. *Húnaþingsumdæmi:* Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
7. *Skagafjarðarumdæmi:* Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
8. *Eyjafjarðarumdæmi:* Ólafsfjörður, Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarþingsumdæmi:* Suður-Þingeyjarsýsla austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
10. *Austurlandsumdæmi:* Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.
11. *Austur-Skaftafellssýsluumdæmi:* Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.
12. *Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi:* Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
13. *Rangárvallaumdæmi:* Rangárvallasýsla að Austur-Eyjafjallahreppi.
14. *Selfossumdæmi:* Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
15. *Laugarásumdæmi:* Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum eftir ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. febrúar 1959.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Friðjón Skarphéðinsson.*

8
12. febr.

# AUGLÝSING

**um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.**

Hinn 3. febrúar 1959 var undirritaður í Helsingfors samningur um viðskipti milli Íslands og Finnlands. Samningurinn gildir frá 1. febrúar 1959 til 31. janúar 1960.

Helztu útflutningsvörur frá Íslandi til Finnlands verða saltsíld, síldar- og fiskimjöl, þorskalýsi, fryst fiskflök, freðsíld, skreið, garnir og gærur.

Helztu útflutningsvörur frá Finnlandi til Íslands verða trjáviður, krossviður, þilplötur, pappi og pappírsvörur, rafmagnsvélar, járnvörur og gúmmiskófatnaður.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 12. febrúar 1959.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*



9
12. marz

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Kjörskrá til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í hreppum. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 1. maí það ár til 30. apríl næsta ár á eftir.

2. gr.

Fyrri töluliður 1. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og voru heimilisfastir í sveitarfélaginu hinn 1. desember næst á undan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. marz 1959.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Friðjón Skarphéðinsson.*

10
17. marz

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og búnaðarmálasjóðsgjald.



Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.